

Veiðifélag Kjósarhrepps
Guðmundur Magnússon
Káraneskoti
276 Mosfellsbær

Reykjavík, 25.3.2025
UST202401-226/F.T
08.12.02

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 1.6.2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti hjá fiskeldi Veiðifélagi Kjósarhrepps í Brynjudal í Hvalfirði, þann 14.5.2024.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Frávik frá gr. 1.5 í starfsleyfi. Neyðaráætlun lá ekki fyrir hjá rekstraraðila. Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk í eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar.
Þann 15. júlí barst stofnuninni neyðaráætlun. Frávikinu telst lokið.
2. Frávik frá gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt mælingar í frárennsli fyrir árin 2022 og 2023 eins og kröfur eru um í starfsleyfi. **Stofnuninni hafa borist mælingar frá árinu 2024. Stofnunin leggur áherslu á að framvegis verði mælt skv. starfsleyfi. Frávikinu telst lokið.**
3. Frávik frá gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirlit vegna stöðvarinnar hefur ekki verið skila til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. **Stofnuninni hefur borist ársyfirlit og telst frávikinu lokið. Stofnunin tekur fram að við næstu skil þurfa allar upplýsingar að berast í viðkomandi skjali, ekki í tölvupóstsamskiptum.**

Umhverfis- og orkustofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur